

GJALDSKRÁ

fráveitu Hafnarfjarðar árið 2012.

1. gr.

Fráveitugjald er lagt á fasteignir sbr. 13. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og nemur 0,185% af fasteignamati. Gjald dagar fráveitugjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta.

2. gr.

Fráveituheimæðargjald er tengigjald við fráveitu í götu og miðast við gerð, meðallengd og þvermál lagnar frá lóðamörkum að stofnræsi sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 9/2009 sem hér segir:

Tafla: I. Miðað við byggingarvísitölu í desember 2011, 111,6 stig.

Þvermál lagnar, nafnmál	Heildarverð heimlagnar, frá stofnræsi að lóðamörkum, allt að 10 metrar*	Verð á metra umfram 20 m
150	Kr. 213.043	Kr. 10.652
200	Kr. 315.304	Kr. 15.764
250	Kr. 410.045	Kr. 20.503

*Um er að ræða regnvatnslögn og skolplögn alls 20 m. Alltaf skal leggja sérstaka ofanvatnslögn.

Tengigjald er greitt fyrirfram. Ef sérstakar aðstæður, vegna gerðar og eðlis fráveituefna, kalla á sérstakt lagnaefni eða sértækar ráðstafanir, greiðir húseigandi fyrir það samkvæmt skriflegu samkomulagi við fráveitu Hafnarfjarðar.

Ef gera þarf sérstakar ráðstafanir vegna hæðar eða legu mannvirkis, svo og ef húsbyggjandi velur að óska eftir fleiri tengingum fellur tilfallandi viðbótarkostnaður vegna þessa á viðkomandi fasteign.

Ef viðkomandi lóðarhafi nýtir sér ekki þegar gerðar tengingar er heimilt að krefja hann um gjald fyrir aftengingu ónýtttra lagna sem nemur kostnaði við þá framkvæmd.

Gjald vegna hreinsibila sem losa efni í Hraunavík er kr. 10.000 pr. rúmmetra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 19. desember 2011, tekur gildi 1. janúar 2012. Gjaldskráin er sett með vísan í 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sbr. samþykkt um fráveitu í Hafnarfirði, nr. 199/2009. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1074/2010.

Hafnarfirði, 20. desember 2011.

Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2011